

Fundargerð 321. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 3. júní 2025
Fundartími: 17:00-18:25
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Sigrún Hrefna Arnardóttir
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 303, dags. 28.05.2025

a) Krákumýri L224829; Nýr byggingarreitur fyrir stálgrindarhús; Deiliskipulagsbreyting - 2505032

Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Krákumýri L224829 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir stálgrindarhús með því að færa hluta af byggingarmagni af reit 2 yfir á reit 4.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Krákumýri L224829 í Flóahreppi og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Stóra-Ármót L166274; Ármótsflöt 10, 12 og 14; Íbúðarhúsalóðir; Deiliskipulag – 2412031

Lögð er fram, eftir auglýsingu, tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til um 4,5 ha landspildu úr landi Stóra-Ármóts L166274 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að þrjár nýjar íbúðarlóðir eru stofnaðar út úr landi Stóra-Ármóts, Ármótsflöt 10, Ármótsflöt 12 og Ármótsflöt 14.

Lóðirnar eru afmarkaðar og nýir byggingarreitir innan þeirra. Á lóðunum er heimilt að byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu. Aðkoma að nýju lóðunum er af Hallandavegi 2 og um nýja aðkomuvegi. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi. Umsagnir bárust á auglýsingartíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum.

Að mati skipulagsnefndar er þörf á að bregðast við umsögn Minjastofnunar með fornleifaskráningu á svæðinu. Innan umsagnar Minjastofnunar kemur fram að þótt fyrirbyggjandi skráning (aðalskráning) sé ágætlega unnin, að þá sé það mat Minjastofnunar að hún standist ekki kröfur um fornleifaskráningu vegna deiliskipulags. Telur stofnunin að nauðsynlegt sé að láta kanna allt skipulagssvæðið, sem hér um ræðir, með skipulegum hætti á vettvangi, til að ganga úr skugga um að þar leynist ekki áður óþekktar fornleifar. Mælist nefndin því til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málinu verði frestað gildistöku eftir auglýsingu þar til fullnægjandi fornleifaskráning liggur fyrir sem tekur til svæðisins í takt við kröfur Minjastofnunar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til um 4,5 ha landspildu úr landi Stóra-Ármóts L166274 í Flóahreppi eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst að þrjár nýjar íbúðarlóðir eru stofnaðar út úr landi Stóra-Ármóts, Ármótsflöt 10, Ármótsflöt 12 og Ármótsflöt 14. Lóðirnar eru afmarkaðar og nýir byggingarreitir innan þeirra. Á lóðunum er heimilt að byggja íbúðarhús og hesthús/skemmu. Aðkoma að nýju lóðunum er af Hallandavegi 2 og um nýja aðkomuvegi. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi. Sveitarstjórn telur ekki þörf á frekari fornleifaskráningu á svæðinu umfram fornleifaskráningu Flóahreppi, áfangaskýrslu I, sem gefin var út árið 2010. Sveitarstjórn leggur þó áherslu á að komi í ljós áður óskráðar fornminjar á svæðinu sem deiliskipulagið tekur til þegar uppbygging hefst skuli landeigandi tilkynna um það til Minjastofnunar Íslands. Sveitarstjórn samþykkir að framlagt deiliskipulag taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Sólbrekka L213875 (áður Hnaus land 4); 2 lögbýlislóðir; Deiliskipulag – 2501006

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulag sem tekur til Sólbrekku L213875 (áður Hnaus land 4) í Flóahreppi. Heildarstærð landsins er um 50 ha en deiliskipulagið nær til um 20 ha. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland en með deiliskipulaginu felst að stofnaðar eru tvær lóðir þar sem hvor þeirra er um 7-8 ha að stærð. Fyrirhugað er að reisa þar m.a. íbúðarhús. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins þar sem m.a. er tiltekið að heimiluð er uppbygging á landspildum (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum. Nefndin bendir á að þörf sé á að vinna deiliskráningu fornminja samhliða skipulaginu í takt við kröfur Minjastofnunar Íslands.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til Sólbrekku L213875 (áður Hnaus land 4) í Flóahreppi og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins þar sem m.a. er tiltekið að heimiluð er uppbygging á landspildum (smábýlum) m.a. til áhugabúskapar ef um fasta búsetu er að ræða, enda styrki það nýtingu núverandi veitukerfa, hamli ekki eðlilegri landbúnaðarstarfsemi né spilli góðu landbúnaðarlandi eða verndarsvæðum.

Sveitarstjórn telur ekki þörf á frekari fornleifaskráningu á svæðinu umfram fornleifaskráningu í Flóahreppi, áfangaskýrslu IV fyrra og seinna bindi sem gefin voru út árin 2018. Sveitarstjórn leggur þó áherslu á að komi í ljós áður óskráðar fornminjar á svæðinu sem deiliskipulagið tekur til þegar uppbygging hefst skuli landeigandi tilkynna um það til Minjastofnunar Íslands.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Mýrar 1 L238876; Grænamýri; Breytt heiti lóðar – 2505062

Lögð er fram umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L238876. Óskað er eftir að Mýrar 1 fái nafnið Grænamýri. Fyrir liggja upplýsingar frá eiganda um hvaðan nafnið er fengið.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við breytt staðfang lóðarinnar og mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða umsókn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umsókn er varðar nýjan staðvísi fyrir L238876 og að landeignin Mýrar 1 fái nafnið Grænamýri.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Lambhagatá L217656, Ósabotnar; Ný lóð og stækkun byggingarreits; Deiliskipulagsbreyting – 2505060

Lögð er fram tillaga óverulegrar deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Ósabotna í Flóahreppi, nánar tiltekið á vinnslusvæði Selfossveitna. Þar er leyfilegt að bora borholur og byggja upp viðeigandi innviði til að vinna úr þeim heitt vatn. Í breytingunni felst stofnun nýrrar lóðar og stækkun á núverandi byggingarreit á lóðinni Lambhagatá L217656. Engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins að öðru leyti.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Ósabotna í Flóahreppi, nánar tiltekið á vinnslusvæði Selfossveitna, og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Laugardælur L166253; Mold til túngerðar; Framkvæmdaleyfi – 2505058

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til Laugardæla L166253 í Flóahreppi. Í framkvæmdinni felst túngerð á ca. 14 ha landi þar sem 40 cm lagi af gróðurmold er jafnað yfir gróið hraun.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og verði grenndarkynnt hagsmunaaðilum.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis sem tekur til Laugardæla L166253 í Flóahreppi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í framkvæmdinni felst túngerð á ca. 14 ha landi þar sem 40 cm lagi af gróðurmold er jafnað yfir gróið hraun. Skipulagsfulltrúa falið að grenndarkynna málið hjá hagsmunaaðilum og ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Þingbakki (L203005); byggingarheimild; geymsla – 2505042

Móttekin var umsókn þann 13.05.2025 um byggingarheimild fyrir 38,5 fm geymslu á landinu Þingbakki L203005 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilað að vikið sé frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og/eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um byggingarheimild fyrir 38,5 fm geymslu á landinu Þingbakki L203005 í Flóahreppi og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna útgáfu framkvæmda- eða byggingarleyfis þar sem segir að sveitarstjórn sé heimilt að víkja frá kröfum 2. mgr. um breytingu á deiliskipulagi og/eða grenndarkynningu þegar um svo óveruleg frávík er að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Sveitarstjórn vísar málinu til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) Bitra land L200842, Fákahraun; Breytt lega lóðarmarkar; Deiliskipulagsbreyting – 2505083

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Bitru lands L200842 - Fákahraun. Í breytingunni felst lagfæring á mörkum upprunals og lóða innan tillögunnar. Engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins að öðru leyti.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Bitru lands L200842 - Fákahraun. Í breytingunni felst lagfæring á mörkum upprunals og lóða innan tillögunnar. Engar breytingar eru gerðar á skilmálum deiliskipulagsins að öðru leyti. Sveitarstjórn samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) Hvítárbyggð L238531, Hjálmholti; Frístundabyggð F22; Deiliskipulag – 2501073

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps eftir auglýsingu, alls er um 60 ha svæði að ræða. Í deiliskipulaginu felst skilgreining frístundalóða á bilinu 9.600 - 17.800 fm að stærð, gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu frístundahúss, aukahúss/gestahúss og geymslu innan hverrar lóðar innan hámarksnýtingarhlutfalls 0,03. Málinu var frestað á 302. fundi skipulagsnefndar þar sem ekki lá fyrir fullnægjandi minjaskráning fyrir svæðið. Fyrir liggur uppfærð umsögn Minjastofnunar vegna skráningar minja á svæðinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess. Fjallað er um Þjórsárhraun innan greinargerðar deiliskipulagsins, í ljósi umsagnar frá NVS, þar sem tiltekið er að öllu raski verði haldið í lágmarki og leitast verði við að hlífa hrauni og votlendisblettum. Tiltekið er að mannvirki innan svæðisins skuli falla að svipmóti lands og að lita- og efnisval skuli miðast við náttúrulega liti í umhverfinu. Mælist nefndin til þess að sérstaklega verði tiltekið innan greinargerðar að sérstæðum hraunmyndunum sem standa upp úr gróðurþekju svæðisins verði hlíft innan lóða nema brýna nauðsyn beri til s.s. til að framfylgja skilgreindri landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi, tryggja aðgengi að landinu eða flóttaleiðir. Jafnframt bendir nefndin á að í jaðri svæðisins er töluvert umfangsmikil efnisvinnsla innan efnistökusvæðis E6. Til framtíðar litið telur nefndin að fyrirhuguð uppbygging á svæðinu geti fremur stuðlað til verndunar á Þjórsárhrauni sem þekur stóran hluta láglendis Flóahrepps út frá frekari námuvinnslu á svæðinu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna að öðru leyti. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag sem tekur til frístundasvæðis F22 innan aðalskipulags Flóahrepps eftir auglýsingu. Alls er um 60 ha svæði að ræða. Umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess. Fjallað er um Þjórsárhraun innan greinargerðar deiliskipulagsins, í ljósi umsagnar frá NVS, þar sem tiltekið er að öllu

raski verði haldið í lágmarki og leitast verði við að hlífa hrauni og votlendisblettum. Tiltekið er að mannvirki innan svæðisins skuli falla að svipmóti lands og að lita- og efnisval skuli miðast við náttúrulega liti í umhverfinu. Sveitarstjórn fer fram á að sérstaklega verði tiltekið innan greinargerðar að sérstæðum hraunmyndunum sem standa upp úr gróðurþekju svæðisins verði hlíft innan lóða nema brýna nauðsyn beri til s.s. til að framfylgja skilgreindri landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi, tryggja aðgengi að landinu eða flóttaleiðir. Jafnframt bendir sveitarstjórn á að í jaðri svæðisins er töluvert umfangsmikil efnisvinnsla innan efnistökusvæðis E6. Til framtíðar litið telur sveitarstjórn að fyrirhuguð uppbygging á svæðinu geti fremur stuðlað að verndun á Þjórsárhrauni sem þekur stóran hluta láglandis Flóahrepps út frá frekari námuvinnslu á svæðinu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan framlagðra gagna að öðru leyti. Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um að greinargerð verði uppfærð samkvæmt ofangreidnu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) Hvítárbyggð; Vegagerð; Framkvæmdaleyfi – 2505086

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi sem tekur til veglagningar innan lands Hvítárbyggðar. Um er að ræða veg sem liggur að skilgreindu frístundasvæði F22 samkvæmt aðalskipulagi Flóahrepps. Deiliskipulag vegna svæðisins hefur lokið auglýsingaferli og fyrir liggur skráning fornleifa á svæðinu.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að útgáfa framkvæmdaleyfis verði samþykkt á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um gildistöku deiliskipulagsáætlunar svæðisins.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða umsókn um um framkvæmdaleyfi á grundvelli 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um gildistöku deiliskipulagsáætlunar svæðisins. Umsóknin tekur til veglagningar innan lands Hvítárbyggðar. Um er að ræða veg sem liggur að skilgreindu frístundasvæði F22 samkvæmt aðalskipulagi Flóahrepps. Deiliskipulag vegna svæðisins hefur lokið auglýsingaferli og fyrir liggur skráning fornleifa á svæðinu. Skipulagsfulltrúa falið að ganga frá útgáfu framkvæmdaleyfis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

k) Mosató 3 hótél L225133; Aukið byggingarmagn og stækkun reits VP11;

Aðalskipulagsbreyting – 2505087

Lögð er fram beiðni sem tekur til óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps að Mosató 3. Í breytingunni felst fjölgun gistirýma um 2 og hámarksbyggingarmagn er aukið úr 3.000 fm í 4.150 fm. Gert er ráð fyrir að aukning á byggingarmagni verði að mestu neðanjarðar í formi bílageymslu.

Að mati skipulagsnefndar telst framlögð tillaga að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps ekki til óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sökum umfangs aukinna byggingarheimilda. Mælist nefndin til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði synjað.

Lögð er fram beiðni sem tekur til óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps að Mosató 3. Í breytingunni felst fjölgun gistirúma úr 60 í 62 og hámarksbyggingarmagn er aukið úr 3.000 fm í 4.150 fm. Gert er ráð fyrir að aukning á byggingarmagni eða 800 fm verði að mestu neðanjarðar í formi bílageymslu.

Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps getur framlögð breyting talist til óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Mælist sveitarstjórn til þess að breytingin verði sérstaklega kynnt hagsmunaaðilum innan svæðisins. Komi engar athugasemdir fram við breytinguna samþykkir sveitarstjórn að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr.

123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar eftir kynningu breytingarinnar.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Hjalti Guðmundsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.

2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 227, dags. 21.05.2025

Lagðar fram til kynningar.

3. Viðauki IV við fjárhagsáætlun 2025

Fyrir liggur viðauki IV við fjárhagsáætlun 2025 vegna áhrifa nýrra kjarasamninga Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitafélaga. Viðauki IV sýnir að áhrif nýrra kjarasamninga verði 7 milljónum kr. hærri en fyrri áætlun gerði ráð fyrir. Í fyrri áætlun var gert ráð fyrir launapotti vegna kjarasaminga upp á 6 milljónir í leikskóla og 12 milljónir í grunnskóla, til viðbótar við áætluð laun og launatengd gjöld deildanna á árinu 2025. Heildaráhrif nýrra kjarasamninga eru áætluð um 25. milljónir króna á árinu 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagðan viðauka IV við fjárhagsáætlun 2025 og að viðauka verði mætt með lækkun á handbæru fé.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Uppfærðar reglur um val á umhverfisverðlaunum í Flóahreppi

Fyrir liggja uppfærðar reglur um val á umhverfisverðlaunum í Flóahreppi en umhverfis- og samgöngunefnd hefur lagt til nokkrar breytingar á reglunum. Lagt er til að verðlaunin séu veitt annað hvert ár nema annað sé ákveðið af sveitarstjórn. Einnig leggur nefndin til að um farandgripi verði að ræða og að öll eldri verðlaunaskilti verði fjarlægð en fyrstu voru veitt umhverfisverðlaun árið 2007.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar umhverfis- og samgöngunefnd fyrir vinnu við uppfærðar reglur um val á umhverfisverðlaunum Flóahrepps. Sveitarstjórn óskar eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd þar sem reglur um umhverfisverðlaun verða ræddar ásamt öðrum málum er varða nefndina. Sveitarstjórn samþykkir að umhverfisverðlaun í ár verði veitt skv. eldri reglum á 17. júní.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Styrkbeiðni frá Sambandi sunnlenskra kvenna

Fyrir liggur styrkbeiðni frá Sambandi sunnlenskra kvenna til Héraðsnefndar Árnesinga. Sveitarstjórn Flóahrepps ítrekar mikilvægi kvenfélaga á svæðinu og hvetur Héraðsnefnd Árnesinga til áframhaldandi góðra verka með veitingu styrks til Sambands sunnlenskra kvenna. Að öðru leiti er styrkbeiðni lögð fram til kynningar.

6. Fundargerðir

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 320, dags. 20.05.2025

b) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 34, dags. 20.05.2025

Varðandi lið 3 þá samþykkir sveitarstjórn tillögu framkvæmda- og veitunefndar um að taka hagstæðasta tilboðinu í hreinistöðvar og að keypt verði ein stöð í upphafi með möguleika á að bæta annarri við. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram ásamt verkefnastjóra verklegra framkvæmda og Eflu sem sér um hönnun á fráveitu í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Framkvæmda- og byggingarnefndar Flóaskóla nr. 7, dags. 21.05.2025

Varðandi lið 1 þá samþykkir sveitarstjórn að farið verði af stað í færslu á körfuboltavelli sumarið 2025 í samræmi við tillögur frá VSÓ ráðgjöf um framtíðarskipulag á skólalóð Flóaskóla. Sveitarstjóra og verkefnastjóra verklegra framkvæmda falið að vinna málið áfram.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- d) Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar nr. 16, dags. 08.05.2025
Varðandi lið 1 þá tekur sveitarstjórn jákvætt í að uppfæra reglur um íþróttá- og afreksfólk Flóahrepps og bæta við möguleika á sérstökum hvatningarverðlaunum. Sveitarstjóra falið að uppfæra reglur og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Varðandi lið 4 þá styður sveitarstjórn hugmynd um opin hús eða íþróttaskóla fyrir börn á leikskólaaldri. Sveitarstjóra og formanni íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar falið að vinna málið áfram og leita eftir samvinnu við ungmennafélagið Þjótanda.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- e) Umhverfis- og samgöngunefndar nr. 9, dags. 22.05.2025
Varðandi lið 4 þá tekur sveitarstjórn undir að lögð verði áhersla á að sett verði upp lýsing á gatnamótum Villingaholtsvegur og Þjóðvegur 1.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f) Stjórnar samtaka orkusveitarfélaga nr. 84, dags. 9.05.2025
g) Stjórnar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum nr. 81, dags. 21.05.2025
h) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 213, dags. 23.05.2025
i) Stjórnar Fræðslunetsins nr. 163, dags. 21.05.2025 ásamt ársreikningi 2024
j) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 23, dags. 19.05.2025 ásamt ársreikningi 2024
k) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 122, dags. 23.05.2025

Varðandi lið 2 í fundargerð stjórnar byggðasamlags UTU þá samþykkir sveitarstjórn Flóahrepps framlagða tillögu um breytingar á samþykktum byggðasamlagsins. Í tillögunni felst að einn fulltrúi sveitarstjórnar hvers aðildarsveitarfélags sitji fundi skipulagsnefndar, í gegnum fjarfundarbúnað, með áheyrnar og tillögurétt á fundum skipulagsnefndar. Sveitarstjórn Flóahrepps telur að með þessu sé brugðist við lýðræðishalla í skipulagsmálum þar sem fulltrúum minnihluta, þar sem við á, sé gefinn kostur á því að sitja fundina undir málum sem snúa að viðkomandi sveitarfélagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- l) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 979, dags. 16.05.2025
m) Stjórnar SASS nr. 622, dags. 9.05.2025
n) Stjórnar Bergrisans bs. nr. 85, dags. 19.05.2025

7. Efni til kynningar

- a) Frá Lögreglustjóranum á Suðurlandi – Stjórnskipulag og hópslysaáætlun á Suðurlandi
b) Frá SASS - Boð á fund og vinnustofu um endurskoðun 9. kafla sveitarstjórnarlaga 6. júní 2025
c) Frá Skipulagsstofnun – Umhverfismatsdagurinn 5. júní 2025
d) Frá Saman hópnum – Hvetjum til samveru fjölskyldunnar í sumar
e) Frá Brák íbúðarfélagi hses. – Boðun ársfundar Brákar íbúðarfélags 11. júní 2025
f) Frá Bergrisanum bs. – Uppbyggingaráætlun – Húsnæði fyrir fatlað fólk á starfssvæði Bergrisans bs.
g) Frá Orlofi húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu – Orlof húsmæðra 2025 ásamt ársskýrslu og ársreikningi 2025
h) Næsti fundur sveitarstjórnar verður aukafundur sem haldinn verður 26. júní kl. 9:00 í Þingborg en reglulegur fundartími lendir á 17. júní og fellur hann því niður. Sveitarstjórn samþykkir að fella niður reglulegan fund 1. júlí. Reglulegur fundur sveitarstjórnar verður 15. júlí kl. 9:00.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)
Sigrún Hrefna Arnardóttir (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)